

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands

25.Maí 2022

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands boðaði til aðalfundar í Hátíðarsal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík Miðvikudaginn 25.maí 2022 og hófust fundarhöld kl. 20:04.

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Daníel Örn Hinriksson formaður félagsins setti aðalfundinn og lagði um leið til samþykktar fundargesta að Jónas Jónsson verði fundarstjóri og Helga Kolbeinsdóttir ritari. Var sú tillaga samþykkt með lófataki fundargesta.

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 24. apríl sl. og í Fréttablaðinu 23.apríl sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og þar með fundurinn lögmætur.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Daníel Örn Hinriksson flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er birt á heimasíðu félagsins í heild sinni, en hér á eftir má sjá stutta samantekt úr inngangi skýrslunnar.

- Stjórn fundaði 17 sinnum á starfsárinu. Þá nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum.
- Í upphafi starfstímabilsins var starf félagsins ennþá litað af Covid 19 takmörkunum en rofa fór til í þeim efnunum í lok árs 2021.
- Félaginu tókst að halda stórar útisýningar í ágúst 2021 í miklum takmörkunum og það var afskaplega gleðilegt að snúa aftur til viðburðahalds.
- Þegar þetta er skrifað er starf félagsins komið á fullt og hefur orðið mikil aukning í öllu starfi, skráningum sem og öðru.
- Gagnagrunnmál hafa verið í forgrunni á tímabilinu en henni Lukku okkar sem þjónað hefur vel var formlega lokað og hefur Hundavefur.is alfarið tekið við. Þá er Þorsteini Kristinssyni þakkað sitt framlag til gagnagrunnmála félagsins í gegnum tíðina.
- HRFÍ tók einnig við formennsku í NKU (Nordisk Kennel Union) og mun sinna þeirri stöðu til næstu þriggja ára. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið er í forsæti samtakanna.
- Þau tímamót urðu síðan í lok tímabils að Herdís Hallmarsdóttir var kjörin í stjórn Evrópuhluta FCI með glæsilegri kosningu og er það í fyrsta sinn sem íslendingur situr í stjórn samtakanna. Á sýningu félagsins í febrúar 2022 var Herdís útnefnd heiðursfélagi HRFÍ fyrir framlag sitt til félagsins.

- Auður Sif Sigurgeirsdóttir lýkur nú 6 ára stjórnarsetu, en hún gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Formaður þakkaði Auði Sif kærlega fyrir hennar framlag.

Stjórn HRFÍ skipuðu á starfsárinu:

Daníel Örn Hinriksson, formaður
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður
Helga Kolbeinsdóttir, ritari
Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Guðbjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Anna María Ingvarsdóttir, varastjórn
Anna Guðjónsdóttir, varastjórn

Starfsmenn á skrifstofu

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri
Silja Ösp Jóhannsdóttir, starfsmaður
Anna Dís Arnarsdóttir, sumarstarfsmaður
Erna Sigríður Ómarsdóttir, hlutastarf sérverkefni tengd innleiðingu tölvukerfis

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar. Ársreiknar félagsins birtast í heild sinni inn á heimasíðu félagsins en helstu punktar fara hér eftir.

- Óvissa einkenndi starfsárið, meðal annars vegna Covid 19, þrátt fyrir það skilaði reksturinn hagnaði.
- Tekjur jukust talsvert, aðallega vegna aukinna ættbókarskráninga og sýningargjalda en félaginu tókst að halda 3 stórar sýningar árið 2021 (og eina hvolpasýningu) á móti 1 árið 2020. Tekjur vegna sýningargjalda námu þannig um 17.000.000 kr.
- Óráðstafað eigið fé stendur nú í 79.000.000 kr.
- Skammtímaskuldir eru lægri en á fyrra ári en það kemur aðallega til af fyrirframinnheimtum tekjum (t.d. augnskoðanir).
- Niðurstaða ársins er tæpar 16 milljónir í hagnað, en rétt að geta þess að mikið var lagt í að halda niðri kostnaði, það ásamt tekjuaukningu í ákveðnum vörum sem og hækkun á gjaldskrá gera það að verkum að félagið stendur vel.

Fundarstjóri bar ársreikninga félagsins undir fundargesti til samþykktar. Voru ársreikningar samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Sóley Ragna Ragnarsdóttir steig í pontu og flutti framsögu fyrir hönd siðanefndar.

Siðanefnd skipuðu á starfsárinu:

Aðalmenn:

Guðrún Th. Guðmundsdóttir

Arnheiður Runólfssdóttir

Svanhildur Skúladóttir

Varamenn:

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

- Þegar ný siðanefnd tók til starfa var 9 málum ólokið og á tímabilinu bárust 12 ný mál til nefndarinnar, einu máli er ólokið. Sjö málum var vísað frá, í átta málum var ýmist veit áminning eða alvarleg áminning.
- Í tveimur málum voru brot talin það alvarleg að viðkomandi var vísað tímabundið úr félaginu og í öðru þeirra nýtti siðanefnd sér rétt sinn til þess að kveða upp bráðbirgða úrskurð sem gildi í þrjú mánuði.
- Flest þeirra brota sem bárust nefndinni voru vegna meintra brota á reglugerð um ættbókarskráningu, og grundvallarreglum fyrir félagsmenn.
- Í fjórum málum var talið að hvíldatími tíka hafi ekki virtur, þrjú þeirra snerust um lágmarksaldur við þörun, eitt mál sem sneri að því að upplýsingar um fyrri keisaraskurð hjá tík vantaði inn á ættbókaskráningu og eitt mál snerist um grun um að notuð væru efni til að lita hund fyrir sýningu.
- Eitt mál sneri að samskiptum og vinnubrögðum tengiliðs, eitt mál um kaupsamning, eitt mál um óættbókafærð got og eitt mál þar ræktað var í ræktunarbanni í kjölfar ítrekaðra brota.
- Tvö mál sneru að grun um rangskráningu í ættbók.
- Eitt mál snerist um rangskráningu í ættbók, brot á skyldum til að mæta með hunda í sýnatöku og meinyrði.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.

Guðný Rut Ísaksen steig í pontu og kynnti starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar.

- Gert er ráð fyrir aukningu bæði í tekjum vegna félagsgjalda og einnig í vörusölu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aukningu í ættbókarskráningu og jafnframt auknum tekjum af sýningum.
- Félagið mun þurfa að endurnýja talsvert af tækjakosti þar sem tölvur og annað eru orðin úrelt.
- Húsaleiga er um 6 milljónir fyrir árið.
- Gert er ráð fyrir auknum launakostnaði og kostnaði við áframhaldandi vinnu við tölvukerfi.

- Áætlaður hagnaður er varlega áætlaður 1.3 milljónir á árinu.

Fundarstjóri lagði lagði starfs- og fjárhagsáætlun til samþykkis fundargesta og var hún samþykkt einróma með handauppréttingu.

6. Lagabreytingar.

Lagabreytingartillögur sem lágu fyrir aðalfundi voru birtar í heild sinni á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands fyrir aðalfund einsog lög kveða á um. Frá stjórn bárust 4 lagabreytingartillögur, 3 bárust frá Siðanefnd og 1 frá ræktunardeildum. Allar lagabreytingartillögur voru kynntar. Þarnaest var tekin fyrir hver og ein, boðið upp á umræður og svo kosið með handauppréttingu.

Lagabreytingartillögur frá stjórn HRFÍ

Stjórn hafði upphaflega lagt fram 4 lagabreytingartillögur en dró þá fjórðu tilbaka fyrir fundinn, því voru einungis 3 tillögur kynntar og bornar undir aðalfund. Guðbjörg Guðmundsdóttir kynnti tillögurnar fyrir hönd stjórnar. *Annars vegar voru lagðar til breytingar á dagskrá aðalfundar, undir 7.lið vegna tillögu stjórnar að lagabreytingartillögu á 10.grein laganna um kosningu formanns og annarra stjórnarmanna. Tillögurnar eru feitletraðar.*

Lagabreytingar - stjórn HRFÍ – Tillaga 1

III. Félagsfundir, 8. gr. liður 7

- 8. Formaður HRFÍ setur aðalfund.

Dagskrá aðalfundar skal vera semhér segir:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.
3. Ársreikningarfélagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.
6. Lagabreytingar.
7. **Núverandi:** *Formaður kjörstjórnar kynnir niðurstöður rafrænna kosninga til formanns og annarrastjórnarmanna kosnum skv. 10. gr. VERÐUR: Kosning formanns og annarra stjórnarmanna skv. 10 gr. eða* formaður kjörstjórnar kynnir niðurstöður rafrænna kosninga til formanns og annarra stjórnarmanna kosnum skv. 10 gr.
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.
9. Kosning siðanefndar
10. Önnur mál.

Lagabreytingar - stjórn HRFÍ – Tillaga 2

IV. Stjórn félagsins, 10 grein, 3 mgr.

10.

Núverandi:

Kosningar til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn (skulu eingöngu) **mega** fara fram með rafrænum hætti og **þá** skal kjörfundur standa í eina viku fyrir aðalfund, (þó) þannig að kosningu ljúki tveimur klukkustundumáður en boðaður aðalfundur hefst. Í fundarboði aðalfundar skal upplýst um framkvæmd (rafrænna) kosninga og reglur sem um þær gilda.

Verður:

Aðalfundur er kjörfundur stjórnarkjörs en kosning utan kjörfundar skal fara fram á skrifstofu félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund í amk fjórar klukkustundir á hverjum degi. Kosningar til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn **mega** fara fram með rafrænum hætti og **þá** skal kjörfundur standa í eina viku fyrir aðalfund, þannig að kosningu ljúki tveimur klukkustundumáður en boðaður aðalfundur hefst. **Ef ákveðið er að kosningar skuli framkvæma með rafrænum hætti skal í fundarboði** aðalfundar upplýst um framkvæmd kosninga og reglur sem um þær gilda.

Tillaga 1 og 2 fylgjast að og voru þær kynntar saman. Tilgangur þeirra er að tryggja svigrúm í lögunum til að hægt sé að velja ár hvert hvort kosning stjórnar eigi að vera rafræn eða ekki, eða mögulega einhvers konar blanda af hvoru tveggja eftir sem við á og sem best þjónar hagsmunum félagsmanna. Tillögurnar voru samþykktar með meirihluta atkvæða við handaupplýftingu.

Lagabreytingar - stjórn HRFÍ – Tillaga 3

IV. Stjórn félagsins, 11.gr. Neðsta málsgrein.

Lagabreytingatillaga vegna Æskulýðsnefndar

• *Núverandi:*

Stjórn HRFÍ getur skipað nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindnefnd, skólanefnd, ættbókarnefnd og laganeftnd. Fastanefndir skulu gefastjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

• *Verður:*

Stjórn HRFÍ getur skipað nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindaneftnd, skólanefnd, ættbókarneftnd, laganeftnd og **æskulýðsneftnd**. Fastanefndir skulu gefastjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

Tillaga 3. Fundarstjóri bauð upp á umræður. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða við handaupplýftingu.

Lagabreytingartillögur frá Siðanefnd

Arnheiður Runólfsdóttir kynnti lagabreytingartillögur fyrir hönd siðanefndar.

Lagabreytingatillögur – fh. Siðanefndar HRFÍ

Arnheiður Runólfsdóttir –fh. Siðanefndar

1. Fella niður 1 lið 3 gr. Grundvallareglur fyrir félagsmenn.

Nota kaupsamning/afsal frá HRFÍ við sölu/afsal hunds.

Erfitt fyrir félagið að fylgjast með hvort félagsmenn séu að nota samning félagsins.

Tillaga 1: Fundarstjóri benti á að þar sem tillagan sneri að grundvallarreglum félagsmanna og ekki lögum félagsins hefði fundurinn ekki heimild til að breyta þeim. Í staðinn var tillagan færð undir liðinn önnur mál sem hvatning til stjórnar.

Lagabreytingatillaögur – fh. Siðanefndar HRFÍ

2. 6 lið , 28 gr. IX. Siðanefnd og agareglur Lög Hundaræktarfélags Íslands

Núverandi:

Brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrirverandi félagsmanns, hafi brotin átt ér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Verður

Brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn en þeir teljast foreldrar, maki, börn og tengdabörn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrirverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Nánari útskýring á heimilismenn.

Tillaga 2. Tillagan snýr að því að skilgreina orðið „heimilismenn“ í lögum félagsins. Fundarstjóri opnaði á umræðu.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir útskýrði tillagan snerist um að orða lagaákvæðið þannig að hægt sé að nýta það. Án skilgreiningar á hugtakinu „heimilismenn“ er það í raun ónothæft. Ef úrskurður siðanefndar á að ná til annara heimilismanna þá þarf að skilgreina hverjir það eru. Fundurinn ræddi tillöguna og ýmis sjónarmið komu fram. Þar af 3 breytingartillögur og kosið var um eina þeirra. Fyrst setti Brynja Kristín Magnúsdóttir fram breytingartillöguna: að heimilismenn séu skildreindir sem *aðilar sem eru mjög tengdir*. Guðni Guðnason lagði til breytingartillögu: að bæta við skilgreininguna orðinu „*systkini*“.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir lagði til breytingartillögu að ákvæðið sé orðað á þá leið að það geti átt við heimilismenn og nákomna ættingja þeirra. Fundarstjóri benti á að fundurinn hefði einungis svigrúm til að skilgreina hvað eru heimilismenn, annars er um að ræða nýja lagabreytingartillögu sem þarf að leggja fram með fyrirvara.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillöguna með breytingartillögu fundarins þar sem orðinu *systkini* er bætt við skilgreininguna. Kosið var með handauppréttingu og 19 kusu með og 5 á móti. Tillagan var felld þar sem ekki náðist samþykki 2/3 fundarmanna (en þeir voru 35 talsins).

Lagabreytingatillaögur – fh. Siðanefndar HRFÍ

- **3. 6 lið, 5 gr. Undaneldi, Reglur um skráningu í ættbók**

- Núverandi:

Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld á milli gota, ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota

- *Verður:*

Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld á milli gota, ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina 12 mánuði á milli þaranna. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

Þar sem meðganga tíkur er misjafn er réttlátara að miða við þörun en got.

Tillaga 3. Hvíldartími tíka milli gota. Fundarstjóri opnaði á umræður um tillöguna. Sóley Ragna Ragnarsdóttir hóf máls og útskýrði ástæðu breytingartillögu. Fólk áttaði sig ekki á fyrri reglugerð og gerðist því óafvitandi brotlegt. Vonast siðanefnd til að með lagabreytingartillögunni séu lögin skýrari.

Lagabreytingartillagan var borin upp til samþykktar fundarins eftir stuttar umræður. Fór svo að 13 kusu með og 2 á móti. Tillagan var felld þar sem ekki náðist samþykki 2/3 fundarmanna (en þeir voru 35 talsins).

3.) Lagabreytingatillaga félagsmanns

VII. Ræktunardeildir. Pétur Alan Guðmundsson kynnti tillöguna. Tilgangur tillögunnar er að takmarka atkvæðafjölda sem fylgir hverjum hundi og koma þannig í veg fyrir að það sé smalað ótakmarkaðum fjölda eiganda og þar með atkvæða á einn hund fyrir aðalfund ræktunardeilda.

Lagabreytingatillaga- VII. Ræktunardeildir

1. Pétur Alan Guðmundsson/ Félm.

- VII. Ræktunardeildir
- Núverandi

20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldbær við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarrétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjóna í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

- Verður

20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild undanfarintvö ár á undan og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Færist hundur í nýja deild við stofnun deilda eða sé deild lögð niður fylgir kjörgengi og atkvæðaréttur hundinum í nýja deild missir eigandi/eigendur þá kjörgengi og atkvæðarétt í fyrri deild. Hverjum hundi geta ekki fylgt fleiri en tvö atkvæði og séu fleiri en tveir eigendur hunds skráðir eigendur þarf að tilgreina hvaða tveir eigendur eigi kjörgengi og kosningarrétt. Hjón hafa kosningarrétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráðir hundi í deildinni.

Fundarstjóri opnaði á umræður. Theódóra Róbertsdóttir benti á að það mætti kannski heldur útfæra tillöguna þannig að það sé einhver takmörkun á eigendaskiptendum fyrir fund. Góð þæling að vera ekki að smala inn, en mikil takmörkun að það séu bara 2 atkvæði per hund ef t.d. 3 eigendur réttilega eiga hundinn. Það var þó ekki lögð fram breytingartillaga við lagabreytingartillöguna sem lögð var fram og hún borin undir fundinn til samþykktar með handauppréttingu. 24 samþykktu af 34 viðstöddum og var tillagan því samþykkt.

Fundarstjóri lýsir mælendaskrá opna:

Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og lýsir fundarstjóri mælendaskrá því lokaða fyrir þennan lið. Fundarstjóri leggur tillöguna undir fundargesti.

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Úr stjórn Hundaræktarfélags Íslands gengu þau Auður Sif Sigurgeirsdóttir varaformaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir meðstjórnandi, og Anna Guðjónsdóttir úr varastjórn.

Er þeim þökkuð vel unnin störf með lófaklappi fundargesta.

Kynningar á frambjóðendum voru birtar á heimasíðu félagsins fyrir aðalfund og fóru kosningar fram rafrænt í fyrsta sinn vikuna fyrir aðalfund. Í framboði til setu í aðalstjórn félagsins og til vara í varastjórn gáfu þær Anna Guðjónsdóttir, Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir og Sigrún Valdimarsdóttir kost á sér. Guðbjörg Guðmundsdóttir gaf kost á sér til setu í aðalstjórn. Í rafrænum kosningum kusu 233 félagsmenn. Rafrænar kosningar fóru sem hér segir:

Frambjóðendur í aðalstjórn:

Guðbjörg Guðmundsdóttir fékk 127 atkvæði

Anna Guðjónsdóttir 113 fékk atkvæði

Ingibjörg Salóme fékk 98 atkvæði

Sigrún Valdimarsdóttir fékk 66 atkvæði

Guðbjörg Guðmundsdóttir og Anna Guðjónsdóttir sitja því í aðalstjórn félagsins.

Frambjóðendur í varastjórn

Ingibjörg Salóme fékk 73 atkvæði

Sigrún Valdimarsdóttir fékk 73 atkvæði

Anna Guðjónsdóttir fékk 66 atkvæði

Fundarstjóri benti á að í 9. grein laga félagsins segir að þegar atkvæði falla jöfn í kosningu á milli manna skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáist. Fundarstjóri tók því fram 10 krónu pening. Fyrst varpaði hann peningnum til að skera úr um hvorum frambjóðenda ætti að úthluta hvora hlið teningsins. Sú hlið sem sneri upp eftir hlutkestið væri sú sem tilheyrði Ingibjörgu Salóme Sigurðardóttur og sú hlið sem sneri niður tilheyrði Sigrúnu Valdimarsdóttur. Fór svo að Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir veðjaði á síldina og Sigrún Valdimarsdóttir á skjaldamerkið. Fundarstjóri tilkynnti að sú hlið sem kæmi upp í næsta hlutkesti væri sá sem væri kjörinn í varastjórn. Fundarstjóri varpaði peningnum og síldin kom upp þannig að Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir var á hlutkesti kosin varamaður í stjórn.

Ný stjórn HRFÍ starfsárið 2022-2023 skipar:

Daníel Örn Hinriksson - Formaður

Guðbjörg Guðmundsdóttir - meðstjórnandi

Anna Guðjónsdóttir meðstjórnandi

Helga Kolbeinsdóttir - meðstjórnandi

Marianna Gunnarsdóttir - meðstjórnandi

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir - varastjórn

Anna María Ingvarsdóttir - varastjórn

Er þeim fagnað með lófataki fundargesta.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Í framboði sem aðalmenn eru:

Guðmunudur A. Guðmundsson

Þorsteinn Þorgbergsson

Í framboði sem varamenn eru:

Pétur Allan Guðmundsson og Kristín Sveinbjarnardóttir.

Engin mótframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki.

9. Kosning siðanefndar

Aðalmenn:

Arnheiður Runólfsdóttir, Brynja Kristín Magnúsdóttir og Selma Olsen

Varamenn:

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir og Sunna Birna Helgadóttir

Engin mótframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki

11. Önnur mál.

- 1. Frá liðnum lagabreytingartillögur. Ályktunartillaga eða hvatning til stjórnar að nota kaupsamning, uppfæra kaupsamning félagsins eða taka samninginn út.**

Fundarstjóri opnaði á umræðu um hvatninguna. Guðbjörg Guðmundsdóttir kvað máls og benti á að bæði kaupsamningar og fóðursamningar eru í endurskoðun hjá stjórn. Hvatningin var borin undir fundinn og var felld með meirihluta atkvæða.

- 2. Frá stjórn HRFÍ - Húsnæðisnefnd kynnir samantekt af fulltrúaráðsfundi félagsins Guðni B. Guðnason kynnti starf nefndarinnar, þar með talda þarfagreiningu.**
- 3. Nokkrir ræktendur félagsins komu sér saman um tillögu til umfjöllunar undir liðnum önnur mál. Þorsteinn Thorsteinsson kynnir tillögunu.**

Stjórn HRFÍ er falið að uppfæra reglur um skráningu í ættbók á þann veg að við ættbókarskráningu skuli fylgja staðfesting á erfðagrunni (DNA) beggja foreldra. Sýni skulu tekin af dýralækni sem áframsendir þau á rannsóknarstofu sem félagið viðurkennir.

Við teljum að með þessu móti fáist smám saman gagnagrunnur yfir öll ræktunardýr innan HRFÍ sem verður hægt að nýta ef staðfesta þarf ætterni afkvæma.

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir, Arnarstaða ræktun
Guðrún Th. Guðmundsdóttir, Bláfelds ræktun
Brynhildur Inga Einarsdóttir, Reykjadal ræktun
Margrét Bára Magnúsdóttir, Stjörnuljósa ræktun
Þorsteinn Thorsteinson, Sunnusteins ræktun
Anna Jónsdóttir/Hrefna Björk Jónsdóttir, Fagrahvamms ræktun
Sigurður Rúnar Guðjónsson/Helena Þórðardóttir, Kolsholts ræktun
Sigrún Gréta Einarsdóttir og Þórarinn Pálsson, Gulltoppa ræktun
Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, Gerplu ræktun
Íris Hlín Bjarnadóttir, Eldbergs ræktun
Edda Björk Arnardóttir, Edda's Saga ræktun
Hildur Kristín Hallgrímsdóttir, Dalsgarðs ræktun

Þorsteinn Thorsteinsson útskýrði að hugmyndin með tillögunni væri að koma upp DNA gagnagrunn hjá félaginu þannig að ef upp koma vafamál um réttmæti ættbókarskráningar sé alltaf hægt að leita af allan grun. Það er svo stjórnar að útfæra hugmyndina. Að lokinni kynningu var boðið upp á umræður og málið reifað í salnum.

Tillagan var borin upp til samþykktar og var samþykkt með 22 atkvæðum með og 5 á móti.

Fundi slitið kl 22:42